

## 3. gr.

*Samþykki og staðfesting.*

Gjaldskrá þessi, B-hluti, staðfestist hér með, samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 með áorðnum breytingum, til þess að öðlast gildi 1. apríl 2003 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi eldri gjaldskrá Hitaveitu Hveragerðis, B-hluti, nr. 963, 20. desember 2001.

*Iðnaðarráðuneytinu, 25. mars 2003.*

**Valgerður Sverrisdóttir.**

---

*Kristján Skarphéðinsson.*

**AUGLÝSING****um breytingar á deiliskipulagi Hleina að Langeyrarmölum  
í Garðabæ og Hafnarfirði.***Hækkun á þaki Hrafnistu.*

Bæjarstjórnir Hafnarfjarðar og Garðabæjar hafa samþykkt breytingu á deiliskipulagi Hleina að Langeyrarmölum í Garðabæ og Hafnarfirði þar sem heimilað var að lyfta þaki á B-álmum Hrafnistu fyrir 9 vistherbergi.

Farið var með tillöguna samkv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og fór Skipulagsstofnun yfir málið.

Bæjarstjórnir í Hafnarfjarðarbæ og Garðabæ lýsa því yfir að bætt verði sannanlegt tjón er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna, hver í sínu lögsagnarumdæmi.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Innkeyrslum á bílastæði Hrafnistu fjölgað.*

Bæjarstjórnir Hafnarfjarðar og Garðabæjar hafa samþykkt breytingu á deiliskipulagi Hleina að Langeyrarmölum í Garðabæ og Hafnarfirði þar sem heimiluð var ný innkeyrsla á lóð Hrafnistu frá safngötu norðan við spennistöð.

Farið var með tillöguna samkv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og fór Skipulagsstofnun yfir málið.

Bæjarstjórnir í Hafnarfjarðarbæ og Garðabæ lýsa því yfir að bætt verði sannanlegt tjón er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna, hver í sínu lögsagnarumdæmi.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*F.h. Garðabæjar, 20. mars 2003.*

*F.h. Hafnarfjarðarbæjar, 20. mars 2003.*

**Bergljót S. Einarsdóttir,**  
skipulagsfulltrúi Garðabæjar.

**Hafdís Hafliðadóttir,**  
skipulagsstjóri Hafnarfjarðar.